

Efnisorðaráð 61. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 3. janúar 2008 kl. 13.00

Fundarmenn: Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Guðný hefur sent Sveinbjörgu fundargerðir 53.-60. fundar til að setja á vef Landskerfis.
2. Þórdís dreifði eftirfarandi listum á fundinum: Viðbætur við KE 2007, Heildarlisti 2004-2007 og latnesk heiti fugla. Þórdís sendir Sveinbjörgu heildarlistann 2004-2007 til að setja á vef Landskerfis. Jafnframt var áréttað að listinn yrði uppfærður á vef Landskerfis tvisvar á ári og fundargerðir sendar tvisvar á ári.
Rætt var um latnesk heiti fugla. Ákveðið var að nota –ætt í fuglaheitum þar sem við á t.d. Dúfnaætt frekar en dúfur og Finkuætt frekar en finkur. Þórdís lagar skjalið með hliðsjón af þessu. Einnig var bætt við heitunum Álft, Dvergsvanur og Hnúðsvanur.
3. Rætt var um landfræðiheiti. Ef svigagrein er notuð er reglan að nota víðasta heiti sem mögulegt er í sviganum. Ekki á að setja svigahæiti ef heiti þarfnast ekki aðgreiningar. Málhefð ræður heiti t.d. Oddi á Rangárvöllum. KE er mjög skýr varðandi notkun á sýsluheitum. Landið þitt Ísland notar sýsluheiti á nokkuð annan hátt. Ragna biður Jóhannes að búa til töflu um notkun á sýsluheitum með hliðsjón af KE, Íslensku alfræðibókinni og Landið þitt Ísland.
4. Bæta þarf við vikorðinu utanríkisverslun N Milliríkjaverslun, þetta fórst fyrir á síðasta fundi. Þórdís bætir þessu í heildarlistann áður en hún sendir Sveinbjörgu.
5. Byrjað var að fara yfir efnisorðatillögur Auðar Gestsdóttur um ný efnisorð í Gegni, aðallega á sviði lögfræði. Ragna var búin að fara yfir listann og merkja með fjölda færsla á bak við hvert efnisorð. Ragna sendir fundarmönnum listann í tölvupósti fyrir næsta fund.
Litið var á tillögur að efnisorðum með forskeytinu Alþjóðlegur t.d.
Alþjóðlegur verslunarréttur
Alþjóðlegur einkamálaréttur o.s.frv.
Samþykkt var að fundarmenn skoðuðu þessi orð fyrir næsta fund ásamt enskum þýðingum, heitum sem notuð eru af LC og Dewey.
Það sama á við efnisorðið Auðlindaréttur sem þarf að skoða betur t.d. í ritinu Lög á bók e. Sigríði Logadóttur eða öðrum ritum um lögfræði.
6. Samþykkt var efnisorðið Dómarar (dómstólar) VH Háskólamenn, ÞH Héraðsdómarar ÞH Hæstaréttardómarar.
7. Auður kom með tillögu að efnisorðinu fasteignakaup. Í KE er hinsvegar efnisorðið Fasteignaviðskipti. Tillögunni um Fasteignakaup var því hafnað. Fasteignakaup N Fasteignaviðskipti, Fasteignasala N Fasteignaviðskipti. Fara þarf yfir færslur og laga. Einnig var samþykkt efnisorðið Fasteignasalar VH Starfsstéttir.
8. Samþykkt var efnisorðið Fjórfrælsið VH Evrópska efnahagssvæðið. Gerð var UL.

Fundi slitið 15.10. Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 18. janúar kl. 14-16.

Guðný Ragnarsdóttir

3. janúar 2008 – 61. fundur (102 færslur)

Accipitriformes N Ránfuglar

Alca impennis N Geirfugl
Alcidae N Svartfuglaætt
Anas platythynchos N Stokkkönd
Anatidae N Andaætt
Anser anser N Grágæs
Anser brachyrhynchus N Heiðagæs
Apodiformes N Þytfuglar
 Álftr VH Svanir
 álftrir N Álftr
Cephus grylle N Teista
Charadriidae N Lóuætt
Ciconia ciconia N Hvítstorkur
Ciconia nigra N Kolstorkur
Ciconiidae N Storkaætt
Columbidae N Dúfnaætt
Corvus corax N Hrafn
Cuculidae N Gaukaætt
Cuculus canorus N Gaukur
Cygnus N Svanir
Cygnus columbianus N Dvergsvanur
Cygnus cygnus N Álftr
Cygnus olor N Hnúðsvanur
 Dómarar (dómstólar) VH Háskólamenn UL Notað um opinbera lögfræðimenntaða embættismenn sem
 stjórnra réttarhaldi og kveða upp dóma og úrskurði
 Dúfnaætt (breytt valorð, 1996-2001 dúfur) VH Hænsnfuglar
 dúfur (1996-2001 valorð) N Dúfnaætt
 Dvergsvanur VH Svanir
Falconidae N Fálkaætt
fasteignakaup N Fasteignaviðskipti
fasteignasala N Fasteignaviðskipti
 Fasteignasalar VH Starfsstéttir
fálkar (1992-2001 valorð) N Fálkaætt
 Fálkaætt (breytt valorð, 1992-2001 Fálkar) VH Ránfuglar
 Finkur (1996-2001 valorð) N Finkuætt
 Finkuætt (breytt valorð, 1996-2001 Finkur) VH Fuglar
 Fjórfrælsíð VH Evrópska efnahagssvæðið UL Notað um skyldu EBS- og EES-ríkja til að heimila
 frjálsa för fólks, vöru, þjónustu og fjármagns innan svæðisins
Fratercula artica N Lundi
Fringillidae N Finkuætt
Fulmarus glacialis N Fýll
Galliformes N Hænsnfuglar
Gallus domesticus N Hænsni
Gallus gallus N Hænsni
 Gaukaætt (breytt valorð, 1996-2001 Gaukfuglar) VH Fuglar
 gaukfuglar (1996-2001 valorð) N Gaukaætt
Gavia immer N Himbrimi
Gavia stellata N Lómur
Gaviidae N Brúsaætt
hafsúla N Súla (fugl)
Haliaeetus albicilla N Haförn
 Héraðsdómarar VH Dómarar (dómstólar)
Hirundinidae N Svöluætt
Histrionicus histrionicus N Straumönd
 Hnúðsvanur VH Svanir
 Hæstaréttardómarar VH Dómarar (dómstólar)

kólibrífluglar (1996-2001 valorð) N Kólibríætt
 Kólibríætt (breytt valorð, 1996-2001 Kólibrífluglar) VH Þytfuglar
Lagopus mutus N Rjúpa
Laridae N Máfaætt
Larus marinus N Svartbakur
lóur (1992-2006 valorð) N Lóuætt
 Lóuætt (breytt valorð, 1992-1996 Lóur) VH Vaðfluglar
máfar (1996-2001 valorð) N Máfaætt
 Máfaætt (breytt valorð, 1996-2001 Máfar) VH Fuglar
Meleagris gallopavo N Kalkúni
Numenius phaeopus N Spói
Passeriformes N Spörfuglar
Pelecanidae N Pelíkanaætt
Phalacrocoracidae N Skarfaætt
Phalaropus lobatus N Óðinshani
Psittaciformes N Páfagaukar
Rissa tridactyla N Rita
Serinus canaria N Kanarífugl
skarfar (1996-2001 valorð) N skarfaætt
 Skarfaætt (breytt valorð 1996-2001 valorð) VH Pelíkanaætt
Sphenisciformes N Mörgæsir
spóar (1992-2001 valorð) N Spói
 Spói (breytt valorð, 1992-2001 spóar) VH Vaðfluglar
starar (1996-2001 valorð) N Staraætt
 Staraætt (breytt valorð, 1996-2001 Staraætt) VH Spörfuglar
Stercorariidae N Kjóaætt
Stercorarius N Skúmur
Stercorarius parasiticus N Kjói
Sterna paradisaea N Kría
Sternidae N Þernuætt
 Storkaætt (breytt valorð, 1996-2004 Storkfluglar) VH Fuglar
storkfluglar (1996-2001 valorð) N Storkaætt
straumendur N Straumönd
Strigiformes N Uglur
Struthioniformes N Strútfuglar
strútar (2001 valorð) N Strútfuglar
 Strútfuglar (breytt valorð, 2001 Strútar) VH Fuglar
Sturnidae N Staraætt
Sula bassana N Súla (fugl)
Sulidae N Súluætt
svanur N Álft
svartfluglar (1996-2001 valorð) N Svartfluglaætt
 Svartfluglaætt (breytt valorð, 1996-2001 svartfluglar) VH Fuglar
Trochilidae N Kólibríætt
Turdidae N Þrastaætt
Vanellus vanellus N Vepja
 Þrastaætt (breytt valorð, 1996-2001 Þrestir) VH Spörfuglar
þrestir (1996-2001 valorð) N Þrastaætt

Efnisorðaráð 62. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 24. janúar 2008 kl. 14.00

Fundarmenn: Guðný Ragnarsdóttir, Elísabet Halldórsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Rætt var um erindi frá Þóru Sigurbjörnsdóttur varðandi barnaefni og tengt efni og hvernig ætti að lykla það. Gerðar voru eftirfarandi samþykktir:
barnabíblíur N Biblían + Barnaefni
 Barnablöð VH Tímarit
 Barnabókmenntir (umfjöllun) VH Bókmenntafræði
 Barnabækur UL Notað um skáldsögur, þjóðsögur og ævintýri fyrir börn VH Skáldsögur SH Þjóðsögur SH Ævintýri
 Barnaefni UL Notað um efni fyrir börn annað en skáldverk, þjóðsögur og ævintýri VH Útgáfuform
barnagætur N Barnaljóð
 Barnaleikrit VH Leikrit
barnamyndir (kvikmyndir) N Barnaefni + Kvikmyndir
barnaorðabækur N Barnaefni + Orðabækur
 Unglingablöð VH Tímarit
 Unglingabókmenntir (umfjöllun) VH Bókmenntafræði
 Unglingabækur VH Skáldsögur
unglingasögur N Unglingabækur
2. Samþykkt var að senda út tilkynningu um allar breytingar á kerfisbundnum efnisorðalykli á Vöndu eftir hvern fund. Ákveðið var að vinna formála að útsendingarpósti á næsta fundi.
3. Tekið var fyrir erindi frá Hrafnhildi Steinarsdóttur um hvaða efnisorð ætti að nota fyrir Non-Governmental Organizations (NGO) um félagasamtök óháð ríkisvaldi. Ákveðið var að nota ætti efnisorðið Félagasamtök og því bætt inn í lykilinn. Ragna tekur að sér að svara Hrafnhildi þar sem erindið barst henni.
 Félagasamtök VH Félög
frjáls félagasamtök N Félagasamtök
 NGOs N Félagasamtök
non-governmental organizatiosn N Félagasamtök
4. Tekið var fyrir erindi frá Þóru Sigurbjörnsdóttur um Stafræna ljósmyndun. Efnisorðið tekið upp í lykil og Þóru svarað.
 Stafræn ljósmyndun VH Ljósmyndun
5. Tekið var fyrir erindi frá Þóru Sigurbjörnsdóttur um Stafræna prentun. Efnisorðið tekið upp í lykil og Þóru svarað.
 Stafræn prentun VH Prentun
6. Tekið var fyrir erindi frá Þóru Sigurbjörnsdóttur um Túlípana. Efnisorðið tekið upp í lykil og Þóru svarað.
 Túlípanar VH Liljuætt

Fundi slitið laust fyrir kl. 16.00. Næsti fundur ákveðinn 8. febrúar kl. 14.00 í Þórshamri við Templarasund.

Fundarritari : Guðný Ragnarsdóttir

25. janúar 2008 – 62. fundur – (21 færsla)

barnabíblíur N Biblían + Barnaefni

Barnablöð VH Tímarit
Barnabókmenntir (umfjöllun) VH Bókmenntafræði
Barnabækur UL Notað um skáldsögur, þjóðsögur og ævintýri fyrir börn VH Skáldsögur SH
Þjóðsögur SH Ævintýri
Barnaefni UL Notað um efni fyrir börn annað en skáldverk, þjóðsögur og ævintýri VH Útgáfuform
barnagætur N Barnaljóð
Barnaleikrit VH Leikrit
barnamyndir (kvikmyndir) N Barnaefni + Kvikmyndir
barnaorðabækur N Barnaefni + Orðabækur
Félagasamtök VH Félög
frjáls félagasamtök N Félagasamtök
Liljuætt VH Laukjurtir
Liljur VH Liljuætt (VH 1996-2001 Laukjurtir)
NGOs N Félagasamtök
non-governmental organizations N Félagasamtök
Stafræn ljósmyndun VH Ljósmyndun
Stafræn prentun VH Prentun
Túlípanar VH Liljuætt
Unglingablöð VH Tímarit
Unglingabókmenntir (umfjöllun) VH Bókmenntafræði
Unglingabækur VH Skáldsögur
unglingasögur N Unglingabækur

þtþ / 25.01.2007

Efnisorðaráð 63. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 8. febrúar 2008 kl. 14.00

Fundarmenn: Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Þórdís tekur að sér að gera tillögu um orðalag tölvupósts sem sendur verður á Vöndu til að kynna ákvarðanir efnisorðaráðs. Taka þarf fram í póstinum að ekki sé örugg að ákvarðanir hafi verið útfærðar að fullu í Gegni á þeim tíma sem pósturinn er sendur út.
2. Vikorðunum CSOs og Civil Society Organizations bætt við Félagasamtök.
civil society organizations N Félagasamtök
CSOs N Félagasamtök
3. Fyrirspurn frá Telmu Rós Sigfúsdóttur v. úrvalsritgerða svarað og Telmu bent á að ræða við Rósfríði Sigvaldadóttur sem notar þetta orð (erindið hafði borist til Landskerfis). Málið er ekki á forræði efnisorðaráðs.
4. Erindi frá Þóru Gyldadóttur um Heilbrigðismat svarað og Þóra beðin um skilgreiningu á orðinu áður en ákvörðun verður tekin.
5. Fjallað um tillögu Árnýjar í Bókasafni Hafnarfjarðar um leikbrúðumyndir. Í framhaldinu spunnust umræður um hreyfimyndagerð. Samþykkt var nýtt valorð Hreyfimyndir í stað myndlífgunar auk vikorðanna kvikun og animation. Samþykkt var að nota Hreyfimyndir + Leikbrúður til lyklunar á leikbrúðumyndum. Árnýju var svarað.
animated films N Hreyfimyndir
animation N Hreyfimyndagerð

Hreyfimyndagerð (Breytt valorð 2001 Myndlífgun) VH Kvikmyndagerð
Hreyfimyndir VH Kvikmyndir
kvikun N Hreyfimyndagerð
leikbrúðumyndir N Hreyfimyndir + Leikbrúður
myndlífgun (2001 valorð) N Hreyfimyndagerð
Teiknimyndir (kvikmyndir) VH Hreyfimyndir (áður Kvikmyndir)

6. Tekið fyrir erindi frá Rósfríði Sigvaldadóttur um tvö sjúkdómaheiti; Herslismein (systemic sclerosis) og Spennuvisnun (dystrophica myotonica). Efnisorðin samþykkt.
dystrophica myotonica N Spennuvisnun
Herslismein VH Gigtarsjúkdómar
Spennuvisnun VH Erfðasjúkdómar
systemic sclerosis N Herslismein
7. Erindi frá Rögnu um efnisorðið Barnateikningar samþykkt VH Myndlist.
barnamyndir (kvikmyndir) N Barnaefni + Kvikmyndir
barnamyndir (myndlist) N Barnateikningar
Barnateikningar VH Myndlist UL Notað um myndir og teikningar eftir börn SH
Barnasálfræði
8. Erindi frá Þóru Sigurbjörnsdóttur um frávísunina furðuverur N Kynjaverur samþykkt og Þóru svarað.
furðuverur N Kynjaverur
9. Erindi frá Viggó Gíslasyni um efnisorðið Umhverfisstefna var samþykkt og Viggó svarað.
Umhverfisstefna VH Umhverfismál

Fleira var ekki gert. Fundi slitið tæplega 16.00. Næsti fundur boðaður 14. febrúar kl. 13.00 í Þórshamri við Templarasund.

Fundarritari : Guðný Ragnarsdóttir

8. febrúar 2008 – 63. fundur – (17 færslur)

animated films N Hreyfimyndir
animation N Hreyfimyndagerð
barnamyndir (kvikmyndir) N Barnaefni + Kvikmyndir
barnamyndir (myndlist) N Barnateikningar
Barnateikningar VH Myndlist UL Notað um myndir og teikningar eftir börn SH
Barnasálfræði
civil society organizations N Félagasamtök
CSOs N Félagasamtök
dystrophica myotonica N Spennuvisnun
furðuverur N Kynjaverur
Herslismein VH Gigtarsjúkdómar
Hreyfimyndagerð (Breytt valorð 2001 Myndlífgun) VH Kvikmyndagerð
Hreyfimyndir VH Kvikmyndir
kvikun N Hreyfimyndagerð
leikbrúðumyndir N Hreyfimyndir + Leikbrúður
myndlífgun (2001 valorð) N Hreyfimyndagerð

Spennuvisnun VH Erfðasjúkdómar
systemic sclerosis N Herslismein
Teiknimyndir (kvikmyndir) VH Hreyfimyndir (áður Kvikmyndir)
Umhverfisstefna VH Umhverfismál

Efnisorðaráð 64. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 14. febrúar 2008 kl. 13.30

Fundarmenn: Guðný Ragnarsdóttir, Elísabet Halldórsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Farið yfir vafaatriði og athugasemdir frá síðasta fundi og leiðréttingar gerðar.
2. Farið yfir tillögu Þórdísar að bréfi á Vöndu og athugasemdir um vef efnisorðaráðs sendar til Sveinbjargar.
3. Tillaga Þóru Gylfadóttur um Heilbrigðismat NF Health Impact Assessment samþykkt. VH Lýðheilsa. Elísabet fer yfir færslur með efnisorðunum Lýðheilsa og Heilbrigðismat.
health impact assessment N Heilbrigðismat
Heilbrigðismat VH Lýðheilsa UL Notað um aðferðir til að meta áhrif stjórnvaldsáðgerða á heilsu og líðan þjóðar
4. Erindi frá Elísabetu um Myndvinnslu. Samþykkt að vísa frá stafrænni myndvinnslu N Myndvinnsla.
stafræn myndvinnsla N Myndvinnsla
5. Erindi frá Guðnýju um efnisorðið samkynhneigðir. Samþykkt var að vísa frá því N Lesbíur, N Hommar. Elísabet lagar færslur í Gegni sem eru með efnisorðinu Samkynhneigðir. Einnig var rætt um tillögu frá Guðnýju um efnisorðið Mismunun en það var ekki afgreitt.
samkynhneigðir N Hommar + Lesbíur
6. Erindi frá Andreu Jóhannsdóttur um Infrastructure (economics) tekið fyrir. Samþykkt var efnisorðið Innviðir efnahagslífsins VH Efnahagsmál. Andreu svarað.
grunngerð efnahagslífsins N Innviðir efnahagslífsins
infrastructure (economics) N Innviðir efnahagslífsins
Innviðir efnahagslífsins VH Efnahagsmál
7. Að lokum fór drjúgur tími í að skipuleggja vinnuhelgi. Bókuð var vinnuferð helgina 23.-25. maí í sumarbústað í Heiðarbyggð. Landsbókaverði var send umsókn í tölvupósti um styrk vegna vinnuferðarinnar.

Fundi slitið uppúr kl. 16.00. Guðný sér um að koma með tillögu að næsta fundartíma í lok febrúar.

14. febrúar 2008 – 64. fundur – (7 færslur)

grunngerð efnahagslífsins N Innviðir efnahagslífsins
health impact assessment N Heilbrigðismat
Heilbrigðismat VH Lýðheilsa UL Notað um aðferðir til að meta áhrif stjórnvaldsáðgerða á heilsu og líðan þjóðar

infrastructure (economics) N Innviðir efnahagslífsins
Innviðir efnahagslífsins VH Efnahagsmál
stafræn myndvinnsla N Myndvinnsla
samkynhneigðir N Hommar + Lesbíur
stafræn myndvinnsla N Myndvinnsla

Efnisorðaráð 65. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 6.mars 2008 kl. 13.30

Fundarmenn: Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Litið á tölvupóst frá Ingibjörgu Sverrisdóttur varðandi kaup á hugbúnaði til að halda utanum kerfisbundinn efnisorðalykil. Fundarmenn skiptu með sér verkefnum. Ragna talar við vefstjóra Lbs.Hbs. varðandi tengingu í efnisorðalykil sem nú er á vef Landskerfis. Ath. þarf að kynna stjórn Landskerfis væntanlegar tillögur um efnisorðakerfi fyrir fund þeirra.
2. Ákveðið að senda allar ákvarðanir efnisorðaráðs og kynna á Vöndu eftir næsta fund. Ákveðið að Þórdís steypi listum frá áramótum saman í eina stafrófsröð.
3. Tekið fyrir erindi frá Elísabetu um Aðgengi, vegna færslna sem urðu eftir við yfirferð hennar. Tekið upp nýtt efnisorð Aðgengi að upplýsingum VH Upplýsingamiðlun.
4. Tekið fyrir erindi frá Þóru Sigurbjörnsdóttur um staðalímyndir. Staðalímyndir tekið upp, nf staðalmyndir, nf stereotypes, VH Félagssálfræði, SH Sjálfsmynd.
5. Samþykkt var að Ragna ynni tillögu um ný efnisorð Ránfugla og kæmi með á næsta fund. Líklega er of flókin vinna að breyta stigveldi ef ekki fæst hugbúnaður fyrir efnisorðavinnuna.
6. Unnið í tillögum frá Seðlabanka og svörum. Efnisorðið Sjóðastýring tekið upp VH Eignastýring, nf fund management, nf sjóðsstýring.
7. Nýju vikorði bætt við: peningamálastefna N Peningastefna.
8. Rædd tillaga frá Guðnýju um Tekjuskiptingu. Tekjuskipting tekið upp VH Lífskjör.
9. Efnisorðið Orðabókarfræði tekið upp, VH Orðfræði, NF lexicography, NF lexicology, NF orðabókargerð, NF orðasafnsfræði. Ragna fer í gegnum færslur.
10. Tillaga frá Þóru Sigurbjörnsdóttur um efnisorðið Hjónabandsmiðlun VH Hjónabandið, samþykkt.
11. Efnisorðið Staðfest samvist tekið upp, VH Sambúð. Ragna tengir Sambúð og óvígða sambúð.
12. Efnisorðið Flugþjónar tekið upp VH Starfsstéttir, SH Flugfreyjur.

Fundi slitið um kl. 15.45, næsti fundur ákveðinn 10. apríl kl. 13.30

6. mars – 65. fundur – (17 færslur)

Aðgengi að upplýsingum VH Upplýsingamiðlun
Flugþjónar VH Starfsstéttir SH Flugfreyjur
fund management N Sjóðastýring
Hjónabandsmiðlun VH Hjónabandið
lexicography N Orðabókarfræði
lexicology (2006 vikorð undir Orðfræði) N Orðabókarfræði
Orðabókarfræði (Breytt valorð, 2006 Orðabókargerð) VH Orðfræði
orðabókargerð (2006 valorð) N Orðabókarfræði
orðasafnsfræði N Orðabókarfræði
peningamálastefna N Peningastefna
Sjóðastýring VH Eignastýring
sjóðsstýring N Sjóðastýring
Staðalímyndir VH Félagssálfræði SH Sjálfsmynd (sálfræði)
staðalmyndir N Staðalímyndir
Staðfest samvist (2006 vikorð undir Sambúð) VH Sambúð
stereotypes N Staðalímyndir
Tekjuskipting (1992-2001 vikorð undir Lífskjör) VH Lífskjör

Efnisorðaráð 66. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 15.apríl 2008 kl. 9.15

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

Farið var yfir innkomin erindi til efnisorðaráðs. Samþykkt var að næst efnisorðafundur yrði notaður til að sinna stjórnarsýslu og skipulagsmálum ráðsins.

1. Erindi frá Önnu Kristínu Stefánsdóttur í HR.
 - a) Samkeppnisréttur samþykkt VH Viðskiptaréttur.
 - b) Heilbrigðisréttur. Fáar færslur til með þessu efnisorði í Gegni og merking óljós. Anna Kristín beðin um skilgreiningu á orðinu. Ákvörðun frestað.
 - c) Verðbréfamarkaðsréttur samþykkt VH Viðskiptaréttur, SH Verðbréf
 - d) Áhættufjármagn samþykkt VH Fjármál
2. Erindi frá Guðnýju Ragnarsdóttur um Hæfi. Samþykkt VH Stjórnarsýsla NF vanhæfi. Hreinsa þarf út færslur sem hafa merkinguna Hæfni. Ákveðið var að semja UL fyrir Hæfi. Guðný tekur það að sér.
3. Erindi frá Elísabetu Halldórsdóttur um leigu- eða staðgöngumæður. Samþykkt var að taka upp efnisorðið Staðgöngumæður NF leigumæður VH Mæður og einnig orðið sem notað er í lögum um tæknifrjóvanir nr. 55/1996: Staðgöngumæðrun VH Tæknifrjóvganir.
4. Tillaga Elísabetar um efnisorðið Þjóðskjalasöfn VH Skjalasöfn samþykkt.
5. Tekið var upp efnisorðið Vottun VH Framleiðslustjórnun, SH Þjónustugreinar, SH Staðlar, SH Gæðastjórnun.

6. Tillaga barst ráðinu frá Þóru Sigurbjörnsdóttur um Bókamerki. Fyrirspurn send til Þóru um hvort hún ætti ekki örugglega við bókamerki til að setja inn í bækur frekar en exlibris. Ákvörðun frestað.
7. Tillaga frá Rósfríði Sigvaldadóttur um Jökulker VH Landmótun samþykkt. Ragna tekur að sér að svara Rósu.
8. Að lokum var farið yfir skjal með orðatillögum sem Elísabet hefur safnað við vinnu sína við yfirferð og leiðréttingar. Eftirfarandi samþykktir voru gerðar:
 - a) Auðlindahagfræði VH Hagfræði
 - b) Efnahagsstefna VH Efnahagsmál NF *economic policy*
 - c) Félagslæknisfræði NF *félagsleg læknisfræði*, VH Læknisfræði
 - d) Sjúkdómsvæðing VH Heilbrigðismál
 - e) Fréttaljósmyndun NF *blaðaljósmyndun*
 - d) Tískuljósmyndun VH Ljósmyndun. Fara þarf í gegnum Tíska og Ljósmyndir. Elísabet lagar.
 - e) Heimastjórnin – bætt var við UL, einnig þarf að setja UL á Heimastjórn: heimastjórnir í öðrum löndum en á Íslandi.

Fundi slitið um kl. 11.15. Næsti fundur boðaður 23. apríl kl. 13.15

15. apríl – 66. fundur – (29 færslur)

Auðlindahagfræði VH Hagfræði
 Áhættufjármagn VH Fjárfestingar
blaðaljósmyndun (1992-2001 valorð) N Fréttaljósmyndun
competition law N Samkeppnisréttur
economic policy N Efnahagsstefna
 Efnahagsstefna VH Efnahagsmál
félagsleg læknisfræði N Félagslæknisfræði
 Félagslæknisfræði VH Læknisfræði
financial market law N Verðbréfamarkaðsréttur
 Fréttaljósmyndun (breytt valorð, 1992-2001 Blaðaljósmyndun) VH Fjölmiðlun SH Ljósmyndun
 Heimastjórnin VH Sjálfstæðisbaráttan UL Notað um stjórn Íslands 1904-1918 og aðdraganda hennar
 Hæfi NF *vanhæfi*
 Jökulker VH Landmótun SH Jökulhlaup
kettleholes N Jökulker
leigumæður N Staðgöngumæður
medicalization of society N Sjúkdómsvæðing
 Samkeppnisréttur VH Viðskiptaréttur
 Sjúkdómsvæðing VH Heilbrigðismál
social medicine N Félagslæknisfræði
 Staðgöngumæðrun VH Tæknifrjógvanir
 Staðgöngumæður VH Mæður
surrogate motherhood N Staðgöngumæðrun
surrogate mothers N Staðgöngumæður
 Tískuljósmyndun VH Ljósmyndun
vanhæfi N Hæfi
venture capital N Áhættufjármagn
 Verðbréfamarkaðsréttur VH Viðskiptaréttur
 Vottun VH Framleiðslustjórnun SH Þjónustugreinar SH Staðlar SH Gæðastjórnun
 Þjóðskjalasöfn VH Skjalasöfn

ptþ / 15.04.2008

Efnisorðaráð 67. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 30. apríl 2008 kl. 13.00

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Bréfi Náttúrufræðisafnahóps dagsettu 25. apríl 2008 svarað, þ.e. þeim spurningum sem snéru að efnisorðaráði. Svar sent á Náttúrufræðisafnahóp og afrit sent Landsbókaverði; Ingibjörgu S. Sverrisdóttur, framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna hf; Sveinbjörgu Sveinsdóttur og skráningarráði í tölvupósti.

2. Minnispunktar vegna kaupa á MultiTes efnisorðaforritinu voru kláraðir og sendir Landsbókaverði; Ingibjörgu S. Sverrisdóttur og framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna hf; Sveinbjörgu Sveinsdóttur í tölvupósti.

Næsti fundur var boðaður 8. maí kl. 13.15 í Þórshamri við Templarasund.

Fundi slitið um kl. 15.00

Guðný Ragnarsdóttir

30. apríl – 67. fundur – (5 færslur)

dómarahæfi N Hæfi

Heilbrigðisréttur VH Lögfræði

Hæfi UL Notað um hæfi hæfisskilyrði til að fara með og taka ákvörðun í tilteknu máli í opinberri stjórnarsýslu og dómara til að fara með tiltekið dómsmál VH Stjórnarsýsla SH Stjórnarsýsluréttur

medical law N Heilbrigðisréttur

stjórnarsýsluhæfi N Hæfi

Efnisorðaráð 68. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 8. maí 2008 kl. 13.15

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Nokkur vafaatriði frá síðustu fundum hreinsuð upp.
2. Breytt og ný valorð samþykkt: Skv. tillögu frá Þóru Sigurbjörnsdóttur: Bókamerki (lesmerki) VH Útgáfuform, Bókmerki (ex libris) VH Útgáfuform
3. Samþykkt nýtt valorð Áhættufjárfestingar VH Fjárfestingar SH Áhættufjármagn NF spákaupmennska. Elísabet lagar.
4. Samþykkt nýtt valorð Almenningar VH Landnýting.
5. Skv. tillögu frá Þóru Sigurbjörnsdóttur: *coaching* N Markþjálfun VH Mannauðsstjórnun SH Handleiðsla starfsstétta. Ragna lagar mannauðsstjórnun.
6. Lagað frá fundargerð 63. fundar: Herslismein VH Gigtarsjúkdómar. Breytt valorð: gigt (1992-2001 valorð) N Gigtarsjúkdómar. Gigtarsjúkdómar (breytt valorð, 1992-2001 Gigt) VH Sjúkdómar, gigtsjúkdómar N Gigtarsjúkdómar, Iktsýki (breytt valorð, 1992-2001 Liðagigt) VH Gigtarsjúkdómar. Elísabet fer yfir gigtina.

7. Nýtt valorð: Monte Carlo aðferð VH Líkindafræði, tillaga barst til Rögnu. Ragna svarar pósti.
8. Nýtt valorð skv. tillögu frá Áslaugu Eiríksdóttur HR: Mjög víðtæk samrásun VH Rafeindateknifræði, NF very-large-scale integration, NF VLSI. Áslaugu svarað.
9. Rætt var um að búa til rafrænt eyðublað til að senda efnisorðaráði efnisorðatillögur og hafa á vef efnisorðaráðs. Þórdís kemur með tillögu að slíku blaði fyrir næsta fund.
10. Nýtt efnisorð skv. tillögu frá Þóru Sigurbjörnsdóttur: Skordýrafræði VH Dýrafræði samþykkt. Þóru svarað.
11. Tillögur/ fyrirspurn barst frá Berglindi Hönnu Jónsdóttur um Collage vs. Assemblage. Berglindi svarað.
12. Unnið úr tillögum úr skjali Elísabetar og eftirfarandi efnisorð samþykkt: Jafningjafræðsla VH Forvarnir SH Ungt fólk, Jafningjahópar NF peer-groups VH Festi (félagsfræði).
13. Nýtt efnisorð samþykkt: Kaupsamningar VH Samningar SH Fasteignaviðskipti

Fundi slitið kl. 16.00 Næsti fundur boðaður 21. maí kl. 13.30

Guðný Ragnarsdóttir

8. maí – 68. fundur – (21. færsla)

Almenningar VH Landnýting
 Áhættufjárfestingar VH Fjárfestingar SH Áhættufjármagn
 Bókamerki (lesmerki) VH Útgáfuform
 Bókmerki (ex libris) (breytt valorð, 1996-2001 Bókmerki) VH Útgáfuform
coaching N Markþjálfun
gigt (1992-2001 valorð) N Gigtarsjúkdómar
 Gigtarsjúkdómar (breytt valorð, 1992-2001 Gigt) VH Sjúkdómar
gigtsjúkdómar N Gigtarsjúkdómar
 Iktsýki (breytt valorð, 1992-2001 Liðagigt) VH Gigtarsjúkdómar
 Jafningjafræðsla VH Forvarnir SH Ungt fólk
 Jafningjahópar VH Festi (félagsfræði)
 Kaupsamningar VH Samningar SH Fasteignaviðskipti
liðagigt (1992-2001 valorð) N Iktsýki
 Markþjálfun VH Mannauðsstjórnun SH Handleiðsla starfsstétta
 Mjög víðtæk samrásun VH Rafeindateknifræði
 Monte Carlo aðferð VH Líkindafræði
peer groups N Jafningjahópar
 Skordýrafræði VH Dýrafræði
spákaupmennska N Áhættufjárfestingar
very-large-scale integration N Mjög víðtæk samrásun
 VLSI N Mjög víðtæk samrásun

Efnisorðaráð 69. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 21. maí 2008 kl. 13.30

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Vinnuferð í sumarbústað skipulögð varðandi innkaup, fundatíma og fundaeefni. Ákveðið var að hafa fimm fundi, þrjá á laugardeginum og tvo á sunnudeginum.
2. Þórdís kynnti tillögu sína að eyðublaði um tillögur að nýjum efnisorðum, til að hafa á síðu efnisorðaráðs. Lokið var við eyðublaðið og það sent Sveinbjörgu Sveinsdóttur. Afrit send til Sigrúnar Hauksdóttur og Þóru Sigurbjörnsdóttur.
3. Að tillögu Elísabetar sem hefur verið að fara yfir orð tengd gigt í Gegni voru gerðar eftirtaldar breytingar og viðbætur á KE.
 - Hryggigt VH Gigtarsjúkdómar NF *hryggigt*
 - osteoarthritis* N Slitgigt
 - vöðvagigt* N Vefjagigt NF fybromyalgia
 - Sjögrens heilkenni VH Gigtarsjúkdómar NF *Sjögrens sjúkdómur* NF *Sjögrens syndrome*
 - Rauðir úlfar VH Gigtarsjúkdómar NF *systemic lupus erythematosus*
 - Liðskiptiaðgerðir VH Bæklunarlækningar
 - Vöðvabólga VH Sjúkdómar
 - Reiterssjúkdómur VH Gigtarsjúkdómar
 - Sjálfsöfnæmissjúkdómar VH Sjúkdómar NF *autoimmune diseases*

Guðný Ragnarsdóttir

Fundi slitið kl. 16.00. Næsti fundur eftir vinnuferð á Flúðir ákveðinn 5. júní kl. 13.30 í Þórshamri við Templarasund.

21. maí – 69. fundur – (17 færslur)

assemblage N Blönduð tækni
autoimmune diseases N Sjálfsöfnæmissjúkdómar
 fibromyalgia N Vefjagigt
hryggigt N Hryggigt
 Hryggigt VH Gigtarsjúkdómar
 Liðskiptaaðgerðir VH Bæklunarlækningar
osteoarthritis N Slitgigt
 Rauðir úlfar VH Gigtarsjúkdómar
 Reiterssjúkdómur VH Gigtarsjúkdómar
samsettir skúlptúrar N Blönduð tækni
 Sjálfsöfnæmissjúkdómar VH Sjúkdómar
 Sjögrens heilkenni VH Gigtarsjúkdómar
 Sjögrens syndrome N Sjögrens heilkenni
 Sjögrenssjúkdómur N Sjögrens heilkenni
systemic lupus erythematosus N Rauðir úlfar
 Vöðvabólga VH Sjúkdómar
vöðvagigt (1996-2001 valorð) N Vefjagigt

Efnisorðaráð 70. fundur

Haldinn í Háamóa 3, Flúðum 24. maí 2008 kl. 10.15

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Ræddir möguleikar MultiTes og tenging við Aleph. Hversu mörg leyfi er ásættanlegt að hafa? Lögð er áhersla á mikilvægi þess að efnisorðaráð ritstýri efnisorðalykli fyrir Gegni og því ekki ástæða til að hafa fleiri en eitt leyfi.
2. Unnið í skjali frá Hallfríði yfir frávísanir.
 - Bæta þarf við svigagrein (söngur) við dúettar. (Hallfríður)
 - Laga þarf *endurreisn* (*myndlist*) og setja Endurreisnarstefnan.
 - Laga þarf göngur í samræmi við lykil: Göngur (smölun) í stað göngur (landbúnaður), einnig Leitir (smölun) í stað leitir (landbúnaður).
 - Nýtt valorð: Fiskgegnd, VH Fiskifræði, NF *fiskigegnd*, NF *fiskgöngur*, NF *göngur fiska*, NF *fiskigöngur*, NF *fiskganga*
 - Nýtt valorð Flúrljómun NF *flúorljómun*, NF *flúrgeislun*, VH Efnagreining
 - Breytt valorð: Forsjá barna NF *forsjá* SH Forsjámál
 - Breytt VH: Kampavín VH Freyðivín. Freyðivín VH Vín (áfengi)
 - Fara þarf í gegnum færslur með Vín (áfengi) og ath. færslur um freyðivín – hvort þær eigi við kampavín.

Fundi slitið kl. 13.00

Guðný Ragnarsdóttir

24. maí – 70. fundur – (30 færslur)

antík N Fornmunir

býflugur N Býfluga

dulargáfur N Dulskynjun

dulsálarfræði N Dulsálfræði

dúettar (*hljóðfæraleikur*) N Tvíleikur

dúettar (*söngur*) (breytt vikorð, 1996-2001 dúettar) N Tvísöngur

dýrðlingar N Dýrtingar

elli N Elliár

endurreisn N Endurreisnarstefnan

endurreisn N Endurreisnartíminn

esperantó N Esperanto

eyrnabólgur N Eyrnabólga

félagsstarf N Félagsstörf

fiskganga N Fiskgegnd

Fiskgegnd UL Notað um fisk sem er að skipta um verustað í sjó eða vatni VH Fiskifræði SH

Ferskvatnsfiskar SH Uppsjávarfiskar

fiskgöngur N Fiskgegnd

fiskigegnd N Fiskgegnd

fiskigöngur N Fiskgegnd

fíkniefnasala N Fíkniefnaviðskipti

fleygrúnir N Fleygletur

flúorljómun N Flúrljómun

flúrgeislun (1996-2001 vikorð undir Geislun) N Flúrljómun

Flúrljómun VH Efnagreining

forsjá (2001 valorð) N Forsjá barna

Forsjá barna (breytt valorð, 2001 Forsjá) VH Barnaréttur SH Forsjámál

Freyðivín VH Vín

fúnkís N Fúnkísstefna

göngur fiska N Fiskgegnd

lærdómsöld N Lærdómsöldin

viðlegubúnaður N Ferðaútbúnaður

Efnisorðaráð 71. fundur

Haldinn í Háamóa 3, Flúðum 24. maí 2008 kl. 14.00

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Haldið áfram að fara yfir skjal Hallfríðar.
 - Nýtt valorð: Friðlýsing NF *friðlýsingar*, NF *friðun* NF *friðlýsing fornminja*, VH Umhverfisvernd SH Húsfriðun SH Friðun lífvera.
dýrafriðun N Friðun lífvera, *fuglafriðun* N Friðun lífvera.
 - Breytt valorð: Frjóofnæmi NF *frjónæmi*, NF *gróðurofnæmi*, NF *frjókornaofnæmi*.
 - Breytt valorð: Gigtarlækningar NF *gigtækningar*
 - Nýtt valorð: Útikennsla VH Kennsla NF *grenndarfæði* SH Grunnskólar SH Námsgreinar SH Grenndarfræðsla
 - Breytt valorð: Vinnustaðanám NF *vettvangsnám*, NF *starfsnám*, NF *námsvinna* VH Starfsþjálfun – Skoða þarf færslur bak við Vettvangsnám áður en þeim er breytt. Kanna þarf hvort æfingakennsla megi falla undir Vinnustaðanám sem vikorð. Vettvangsferðir – Elísabet fer í gegnum 86 færslur og skoðar um hvað er verið að fjalla og kemur með tillögur að tilvísunum.

Fundi slitið 16.00.

Guðný Ragnarsdóttir

24. maí – 71. fundur – (28 færslur)

dýrafriðun (1996-2001 vikorð undir Dýravernd) N Friðun lífvera
Friðlýsing (1992-2001 vikorð) VH Umhverfisvernd SH Húsfriðun SH Friðun lífvera
friðlýsing fornminja (2001 vikorð undir Fornminjar) N Friðlýsing
friðlýsingar N Friðlýsing
friðun N Friðlýsing
frímúrarar N Frímúrareglur
frjókornaofnæmi (1996-2001 vikorð undir Frjónæmi) N Frjóofnæmi
frjónæmi (1996-2001 valorð) N Frjóofnæmi
Frjóofnæmi VH Ofnæmi
fuglafriðun N Friðun lífvera
gangnakofar N Sæluhús
gengisfellingar N Gengislækkanir
getnaðarvarnarpillan N Pillan
Gigtarlækningar (breytt valorð 1996-2001 gigtækningar) VH Lækningar
gigtækningar (1996-2001 valorð) N Gigtarlækningar
gjafsókn N Gjafsóknarmál
gjafsóknir N Gjafsóknarmál
goðsögur N Goðsagnir
grenndarfæði N Grenndarfræðsla
grenndarfæði N Útikennsla
gróðurofnæmi N Frjóofnæmi
námsvinna (1992-2001 vikorð undir Starfsþjálfun) N Vinnustaðanám
plöntusjúkdómar N Gróðursjúkdómar
starfsnám (1996-2001 vikorð undir Starfsþjálfun) N Vinnustaðanám
Útikennsla VH Kennsla SH Grunnskólar SH Námsgreinar SH Grenndarfræðsla
vettvangsnám N Útikennsla
vettvangsnám N Vinnustaðanám
Vinnustaðanám (1992-2001 vikorð undir Starfsþjálfun) VH Starfsþjálfun

Efnisorðaráð 72. fundur

Haldinn í Háamóa 3, Flúðum 24. maí 2008 kl. 17.00

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. **Fundarmenn:** Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir Farið í 2. hluta skjals Hallfríðar: Nýjar frávísanir?
 - Nýtt valorð: Burðarþol VH Burðarþolsfræði
 - Nýtt valorð: Minningarorð VH Æviþættir, NF líkraður, NF eftirmæli, NF útfararræður, NF minningargreinar
 - Nýtt valorð: Skotveiðar VH Dýraveiðar NF skotveiði SH Sportveiðar
 - Nýtt valorð: Fiskverslun VH Verslun SH Fiskmarkaðir
 - Upphitun : þarf að fara í gegnum færslum og breyta orði - Ragna kemur skilaboðum á framfæri við viðkomandi söfn.
2. Tillögur um ný efnisorð frá Hallfríði.
 - Nýtt valorð: Áhugaleikhús VH Leiklist, NF áhugamannaleikhús, NF áhugamannaleikfélög
 - Nýtt valorð: Bráðalækningar VH Lækningar, NF slysalækningar
 - Nýtt valorð: Bænahús NF bænahús VH Kirkjur
 - Breytt valorð: Dagforeldrar VH Uppeldisstéttir NF dagmæður, NF dagfeður
 - Nýtt valorð: Dánartíðni VH Líflíkur
 - Nýtt valorð: Dýrasjúkdómar VH Dýralækningar. Fara þarf í gegnum færslur í Gegni og færa undir viðeigandi búfjársjúkdóma.
 - Nýtt valorð: Dýraspítalar VH Dýralækningar

Fundi slitið 18.30

Guðný Ragnarsdóttir

24. maí – 72. fundur – (32 færslur)

Áhugaleikhús VH Leiklist
áhugamannaleikfélög N Áhugaleikhús
áhugamannaleikhús N Áhugaleikhús
Bráðalækningar VH Lækningar
brúðugerð N Brúður
Burðarþol VH Burðarþolsfræði
bænahús N Bænahús
Bænahús VH Kirkjur
dagfeður N Dagforeldrar
Dagforeldrar (breytt valorð, 1992-2001 Dagmæður) VH Uppeldisstéttir
dagmæður (1992-2001 valorð) N Dagforeldrar
Dánartíðni (2001 vikorð undir Líflíkur) VH Líflíkur
drykkjarvörur N Drykkir
Dýrasjúkdómar VH Dýralækningar
Dýraspítalar VH Dýralækningar
dægurlagasöngkonur N Dægurlagasöngvarar
efnagreiningar N Efnagreining
eftirmæli (1992-2001 vikorð undir Æviþættir) N Minningarorð
einstæðar mæður N Einstæðir foreldrar
einstæðir feður N Einstæðir foreldrar
erfðavísar N Gen

Fiskverslun VH Verslun SH Fiskmarkaðir
leikkonur N Leikarar
líkræður N Minningarorð
líkræður N Minningarorð
minningargreinar N Minningarorð
Minningarorð VH Æviþættir
skotveiðar (1996-2001 vikorð undir Dýraveiðar) VH Dýraveiðar SH Sportveiðar
skotveiði N Skotveiðar
slysalækningar N Bráðalækningar
tískuhönnun N Fathönnun
útfararræður N Minningarorð

Efnisorðaráð 73. fundur

Haldinn í Háamóa 3, Flúðum 25. maí 2008 kl. 10:30

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Áfram unnið í tillögum um ný efnisorð fra Hallfríði.
 - Nýtt valorð: Eðlismassi VH Eðlisfræði
 - Nýtt valorð: Eðlisþyngd VH Eðlisfræði
 - Breytt valorð var áður vikorð: Einhyrningar VH Kynjaverur
 - Nýtt valorð: Einkaþjálfun VH Líkamsrækt
 - Nýtt valorð: Einkaþjálfarar VH Íþróttþjálfarar.
 - Nýtt valorð: Íþróttþjálfarar VH Starfsstéttir NF *þjálfarar* Þarf að fara í gegnum þjálfarafærslur til að ath. hvort þær eru um einkaþjálfara.
 - Nýtt valorð: Íþróttakennarar VH Kennarar
 - Nýtt valorð: Einleikir (leikrit) VH Leikrit
 - Nýtt valorð: Erfðafjárskattur VH Skattar NF *erfðaskattur*
 - Nýtt valorð (var áður vikorð): Jaðarskattar VH Skattar – Þarf að setja á færslur sem finnast við ítarleit.
 - Nýtt valorð (var áður vikorð): Fjármálastjórnun VH Stjórnun NF *fjármálastjórn* (Er þannig í Gegni).
 - Nýtt valorð: Goðar VH Goðorð NF *goðorðsmenn*
 - Nýtt valorð: Grasafræðingar VH Náttúrufræðingar
 - Nýtt valorð: Fiskifræðingar VH Náttúrufræðingar
 - Nýtt valorð: Fuglafræðingar VH Náttúrufræðingar
 - Nýtt valorð: Dýrafræðingar VH Náttúrufræðingar. Fara í gegnum færslur með efniorðinu Náttúrufræðingar.
 - Nýtt valorð: Menningarlandslag VH Landslag, NF *búsetulandslag*, NF *byggðalandslag*, SH Skipulagsmál
 - Nýtt vikorð: *manngert umhverfi* N Mannvirki
 - Nýtt valorð: Útvarpsefni VH Útgáfuform NF *útvarpsþættir*, NF *útvarpserindi*, SH Dagskrárgerð. Fara þarf í gegnum útvarpserindi áður en breytt er.
2. Unnið í skjali frá Elísabetu:
 - A:
 - Nýtt valorð : Aðfangastefna VH Safnafræði
 - Nýtt valorð: Aðföng VH Rekstrarhagfræði Fara þarf í gegnum færslur með efnisorðinu aðföng og ath. hvað af því er aðfangastefna.
 - B:
 - Nýtt valorð: Aðstandendur VH Festi (félagsfræði) SH Ættingjar
 - C:

Nýtt valorð: Alþjóðasamstarf VH Félagsstörf , NF *alþjóðasamvinna*

D:

Nýtt valorð: Atferlismótun VH Atferlissálfræði

E:

Nýtt valorð: Ábyrgðir VH Lánamál

Nýtt vikorð: *lán* N Lánamál,

Nýtt valorð: Húsnæðislán VH Lánamál SH Fasteignaviðskipti

Nýtt vikorð: *lífeyrissjóðslán* N Lánamál

F:

Nýtt valorð Áhættugreining VH Áhættustjórnun, SH Fjárfestingar, SH Almannaþingarnir

Fundi slitið kl. 13.00

Guðný Ragnarsdóttir

25. maí – 73. fundur – (39 færslur)

búsetulandslag N Menningarlandslag

byggðalandslag N Menningarlandslag

Dýrafræðingar VH Náttúrufræðingar

Eðlismassi VH Eðlisfræði

Eðlisþyngd VH Eðlisfræði

Einhyrningar (1996-2001 vikorð undir Kynjaverur) VH Kynjaverur

Einkaþjálfarar VH Íþróttþjálfarar SH Líkamsrækt

Einkaþjálfun VH Líkamsrækt

Einleikir (leikrit) VH Leikrit

Erfðafjárskattur VH Skattar

erfðaskattur N Erfðafjárskattur

fjármálastjórn N Fjármálastjórnun

Fiskifræðingar VH Náttúrufræðingar

Fjármálastjórnun (1992-2001 vikorð undir Stjórnun) VH Stjórnun

Fuglafræðingar VH Náttúrufræðingar

Goðar VH Goðorð

goðorðsmenn N Goðar

Grasafræðingar VH Náttúrufræðingar

Íþróttakennarar VH Kennarar

Íþróttþjálfarar VH Starfsstéttir

Jaðarskattar (1996-2001 vikorð undir Skattar) VH Skattar

mannbert umhverfi N Mannvirki

mannbert umhverfi N Menningarlandslag

Menningarlandslag UL Notað um landsvæði sem hafa mótast af athöfnum manna. VH Landslag SH

Skipulagsmál

Útvarpsefni VH Útgáfuform SH Dagskrárgerð

útvarpserindi N Útvarpsefni

útvarpsþættir N Útvarpsefni

þjálfarar N Íþróttþjálfarar

Aðfangastefna VH Safnafræði

Aðföng VH Rekstrarhagfræði

Aðstandendur VH Festi (félagsfræði) SH Ættingjar

Alþjóðasamstarf VH Félagsstörf

alþjóðasamvinna N Alþjóðasamstarf

Atferlismótun VH Atferlissálfræði

Ábyrgðir VH Lánamál

lán N Lánamál

Húsnæðislán VH Lánamál SH Fasteignaviðskipti

lífeyrissjóðslán N Lánamál

Efnisorðaráð 74. fundur

Haldinn í Háamóa 3, Flúðum 25. maí 2008 kl. 14.30

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Haldið áfram að fara yfir skjal Elísabetar.

A:

Nýtt valorð: Barnasálmar VH Sálmar SH Barnaefni. Þarf að leita færslur uppi.

B:

Nýtt valorð: Barnleysi VH Fjölskyldan SH Ófrjósemi

C:

Nýtt valorð: Bræður VH Systkini

Nýtt valorð: Systur VH Systkini. Fara þarf í gegnum systkinafærslur og setja viðeigandi efnisorð á þær.

D:

Nýtt valorð: Byggingarlög, VH Lög, SH Skipulagslög

Nýtt valorð: Skipulagslög, VH Lög, SH Byggingarlög

E:

Nýtt valorð: Eftirgjöf skulda, VH Lánamál, NF *skuldaeftirgjöf*, NF *debt relief*

Nýtt valorð: Skuldastýring, VH Fjármál, NF *liability management*

F:

Nýtt valorð: Deilustjórnun VH Stjórnun, NF *conflict management*, SH Ágreiningur

G:

Nýtt valorð: Fjárhagsaðstoð VH Velferðarmál NF *efnahagsaðstoð* SH

Þróunarsamvinna

H:

Nýtt valorð: Fitusýrur VH Fita

Nýtt valorð: Transfitusýrur VH Fitusýrur

Nýtt valorð: Fjölómattaðar fitusýrur VH Fitusýrur NF *ómega fitusýrur*, NF *omega fitusýrur*.

Laga þarf færslur t.d. ómega 3 o.fl.

I:

Nýtt valorð: Fjármálafyrirtæki VH Fjármál, SH Fyrirtæki, NF *fjármálastofnanir*

Taka þarf upp stígveldið Fjármál og Fyrirtæki m.t.t. fjármálafyrirtækja, banka og lánastofnana. Það þarf að bíða þess tíma þegar efnisorðaforrit fæst.

J:

Nýtt valorð: Fyljun VH Hrossarækt

K:

Nýtt valorð: Gátlistar VH Gæðastjórnun, NF *check lists* – Fara þarf í gegnum færslur og aðgreina greiningarpróf frá gátlistum.

Nýtt valorð: Greiningarpróf, VH Sálfræðiþróf

L:

Nýtt valorð: Geislavirk mengun, VH Mengun, NF *geislavirkt ofanfall*, NF *radioactive fallout*, NF *fallout*. Skoða þarf allt í kringum geislavirkni.

Fundi slitið 16:30

Guðný Ragnarsdóttir

24. maí – 74. fundur – (31 færsla)

Barnasálmar VH Sálmar SH Barnaefni
Barnleysi VH Fjölskyldan SH Ófrjósemi
Bræður VH Systkini
Byggingarlög VH Lög SH Skipulagslög
check lists N Gátlistar
conflict management N Deilustjórnun
debt relief N Eftirgjöf skulda
Deilustjórnun VH Stjórnun SH Ágreiningur
efnahagsaðstoð N Fjárhagsaðstoð
Eftirgjöf skulda VH Lánamál
fallout N Geislavirk mengun
Fitusýrur VH Fita
Fjárhagsaðstoð VH Velferðarmál SH Þróunarsamvinna
Fjármálafyrirtæki VH Fjármál SH Fyrirtæki
fjármálastofnanir N Fjármálafyrirtæki
Fjölómattaðar fitusýrur VH Fitusýrur
Fyljun VH Hrossarækt
Gátlistar VH Gæðastjórnun
Geislavirk mengun VH Mengun
geislavirkt ofanfall N Geislavirk mengun
Greiningarpróf VH Sálfræðipróf
liability management N Skuldastýring
omega fitusýrur N Fjölómattaðar fitusýrur
ómega fitusýrur N Fjölómattaðar fitusýrur
radioactive fallout N Geislavirk mengun
Skipulagslög VH Lög SH Byggingarlög
skuldaeftirgjöf N Eftirgjöf skulda
Skuldastýring VH Fjármál
Systur VH Systkini
Transfitusýrur VH Fitusýrur
þjóðaratkvæðagreiðsla N Þjóðaratkvæðagreiðslur

Efnisorðaráð 75. fundur

Haldinn í Þórshamri við Templarasund 12. júní 2008 kl. 13.30

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

1. Farið var yfir fjármál og reikninga vegna Flúðaferðar og funda ráðsins.
2. Tillaga frá Rögnu um Fríverslun VH Verslun samþykkt. Fríverslunarsamningar N Fríverslun + Samningar
3. Samþykkt var að gera tilvísun; kynferðisbrot N Kynferðisafbrot. Einnig frá vísun frá kynferðislegt ofbeldi N Kynferðisafbrot. Ragna gerir frávísanir
4. Tillaga frá Þóru Sigurbjörnsdóttur samþykkt: Filippseyskar bókmenntir NF filippeyskar bókmenntir NF filippískar bókmenntir. Elísabet tekur að sér að laga þetta.
5. Tillaga frá Þóru Sigurbjörnsdóttur samþykkt: Barnaleikhús VH Leikhús, SH Barnaleikrit.

6. Tillaga frá Þóru Sigurbjörnsdóttur samþykkt: Eþíópískar bókmenntir VH Bókmenntir.
7. Tillaga frá Rögnu samþykkt: Eldfjallafræði VH Jarðfræði. Ath. að breyta þarf stigveldi á þessu sviði þegar hugbúnaður til efnisorðavinnu verður keyptur.
8. Tillaga frá Rögnu um nýtt vikorð samþykkt: félagsleg þjónusta N Félagsþjónusta.
9. Tillaga um efnisorðið Grundun frá Áslaugu Eiríksdóttur í HR rædd. Samþykkt var að Ragna bæri tillöguna undir orðanefnd í byggingaverkfræði.
10. Rætt var um kaup á MultiTes. Ingibjörg Sverrisdóttir vill kaupa 5 leyfi. Samþykkt var að Ragna talaði við tölvumann á Landsbókasafni um kerfislega möguleika.
11. Unnið í lista frá Elísabetu. Rætt var um hugtakið Fair trade og gott íslenskt efnisorð yfir það t.d. Sanngjarnir viðskiptahættir. Samþykkt var að Ragna tæki að sér að kanna möguleg íslensk hugtök m.a. hjá þeim sem reka Fair trade búðina.
12. Samþykkt efnisorðið. Ferliverk VH Lækningar.
13. Samþykkt efnisorðið Ávöxtun VH Fjármál, SH Vextir.

Guðný sendir Sveinbjörgu fundargerðir frá áramótum og Þórdís tekur saman heildarlista til að setja á vef Landskerfis.

Fundi slitið 15.15. Næsti fundur ákveðinn 25.8.2008 kl. 14.00.

12.júní – 75. fundur – (13 færslur)

Ávöxtun VH Fjármál SH Vextir
 Barnaleikhús VH Leikhús SH Barnaleikrit
 Eldfjallafræði (1992-2001 vikorð undir Eldstöðvar) VH Jarðfræði
 Eþíópískar bókmenntir VH Bókmenntir
 Ferliverk VH Lækningar UL Notað um læknisaðgerðir án þess að sjúklingur sé lagður inn
félagsþjónusta N Félagsleg þjónusta
filippeyskar bókmenntir N Filippseyskar bókmenntir
filippískar bókmenntir N Filippseyskar bókmenntir
 Filippseyskar bókmenntir Filippseyskar bókmenntir
 Fríverslun (1992-1996 valorð, 1996-2001 vikorð undir Verslunarfrelsi) UL Notað um haftalaus
 verslun VH Verslun
fríverslunarsamningar N Fríverslun + Samningar SH Samningar
kynferðisbrot N Kynferðisafbrot
vulcanology N Eldfjallafræði

þtþ / 12.06.2008